

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/642
komudagur: 12.12.2002



Persónuvernd

Rauðarástíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Alþingi
Helga E. Þórisdóttir
nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2002
Tilvísun: 2002110563 ÞS/--

Persónuvernd hefur borist erindi yðar, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Breytingarnar varða skráningu þessara féлага og stofnana. Samkvæmt frumvarpinu verður skráningin sjálf færð frá Hagstofu Íslands til Ríkisskattstjóra. Sá ráðherra, sem skráningin fellur undir, á að verða fjármálaráðherra í stað ráðherra Hagstofu Íslands. Reglugerðarheimildir um skráninguna verða þannig færðar frá ráðherra Hagstofunnar til fjármálaráðherra.

Persónuvernd gerir engar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins, enda verður ekki séð að færsla verkefna milli stjórnvalda, með þeim hætti sem greinir í frumvarpinu, hafi skaðleg áhrif á rétt manna til friðhelgi einkalífs.

Virðingarfyllt

Þórður Sveinsson
lögfræðingur